

Í LOFTI





Í lofti

Samhljóðasambönd 7

ISBN 9978-9979-0-2559-7

© 2003 Kristín Steinsdóttir

© 2003 teikningar Rebekka Rán Samper

Ritstjóri: Sýlvía Guðmundsdóttir

Fagleg ráðgjöf: Þóra Kristinsdóttir

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2003

Menntamálastofnun

Reykjavík

Útlit og umbrot: Námsgagnastofnun

Filmuvinnsla og prentun: Litróf ehf.



Í lofti

Samhljóðasambönd 7

ISBN 9978-9979-0-2559-7

© 2003 Kristín Steinsdóttir

© 2003 teikningar Rebekka Rán Samper

Ritstjóri: Sýlvía Guðmundsdóttir

Fagleg ráðgjöf: Þóra Kristinsdóttir

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2003

Menntamálastofnun

Reykjavík

Útlit og umbrot: Námsgagnastofnun

Filmuvinnsla og prentun: Litróf ehf.

Til kennara

Tilgangur þessa bókaflokks, sem er alls átta bækur, er að vekja lestrar-áhuga nemenda og þjálfa þá í að lesa orð með samhljóðasamböndum. Við gerð bókarinnar *Í lofti* eru sérstaklega valin orð með samhljóðum fyrir framan *r* og *rj* í upphafi orða, þ.e. orð eins og *bréf*, *frændi*, *spranga*, *grjót*.

Forspá/umræður. Nemendur og kennari skoða bókina saman og ræða efni hennar út frá titli, kaflaheitum og myndum. Leggja skal áherslu á að nota orðin sem koma fyrir í textanum og ræða mismunandi leiki barna eftir því hvar þau búa á landinu, svo og hættur sem geta fylgt sumun leikjum.

Orðaforði. Í sögunni eru nokkur framandi orð sem þarf að útskýra. Dæmi: *lúga*, *tryggur*, *sprang*, *príla*, *drangar*, *spranga*, *í loftköstum*. Samheiti og andheiti fundin ef við á.

Hljóðgreining. Kennari segir orð, barnið hlustar eftir tilteknu samhljóðasambandi. Hvar er það í orðinu? Æskilegt að nota fleiri orð en eru í textanum.

Orðalestur. Kennari skrifar orðin á lítil spjöld og æfir nemendur í að lesa þau stök. Búta má orðin í lesbúta, dæmi: *fræn-di*, *bro-sir*, *hra-par*. Sum börn þurfa æfingu í að lesa önnur orð í textanum, sjá orðakassa á bls. 16. Þar eru tekin út orð með tvöföldum samhljóða, samsett orð (sjá einnig *Til kennara: Úrvinnsla* í þriðju og fjórðu bók) og orð með samhljóðasamböndum úr fyrri bókum.

Lestur. Sagan lesin. Vakin athygli á spurningunum neðst á hverri síðu sem eru ætlaðar til að skerpa athygli og lesskilning.

Ritun. Nemandi skrifar stöku orðin í litla bók eftir að hafa lesið þau tvisvar til þrisvar sinnum. Sumir geta e.t.v. búið til setningar með einu eða tveimur orðum og myndskreytt. Þetta getur verið skemmtilegt heima- eða samvinnuverkefni. Foreldri eða skólafélagi les upp stöku orðin, barnið skrifar eftir upplestri og svo er farið sameiginlega yfir á eftir.

Á vef Menntamálastofnunar eru verkefnablöð með sögunni. Smellt er á *Námsefni á vef* og valið *Verkefni til útprentunar*.

SMÁBÓK 7 SAMHLJÓÐASAMBÖND

Smábækur Menntamálastofnunar
eru ætlaðar börnum sem eru
að læra að lesa.

Í lofti er sjöunda bókin af átta
þar sem áhersla
er lögð á að æfa orð með
samhljóðasamböndum.

Í þessari bók eru sérstaklega
æfð orð með samhljóðum á
undan r og rj í upphafi orða.

Kristín Steinsdóttir
er höfundur efnis.



Teikningar eru eftir
Rebekku Rán Samper.

m MENNTAMÁLASTOFNUN

40300

bréf
frá
Trillu
brotinn



Mynd

Inn um lúguna kemur bréf.
Bréfið er frá Bjarka til Trillu.
Í bréfinu er mynd
af Bjarka á einum fæti.

– Aumingja Bjarki!
stynur Trilla og les bréfið.



Trilla
Gróa
frínu



Á sjó

Trilla fer með Herjólfí
til Vestmannaeyja.

Hún ætlar að vera hjá
Gróu systur sinni í fríinu.





bryggjuni
þrí-burana
brosa

Gróa er á bryggjuni
með þríburana.

Allir brosa og veifa.
Trilla veifar á móti.



Þríburar

Bryndís er stærst,
Hjalti er í miðið
en Grettir er minnstur.

Grettir er líka óþægastur!

Bryndís
þrí-burar
Grettir



frændi
tryggur



Í næsta húsi býr Bolli.

Hann er frændi Trillu.
Hún er spennt að hitta Bolla
og leika við hann.

Bolli er tryggur vinur.



Hver er frændi Trillu?

sprang
príla
Gróa
hristir
brosir
dröngum



Sprang

– Verið þið nú ekki að príla!

kallar Gróa.

Trilla hristir höfuðið,

Bolli brosir.

Þau fara upp að dröngum.





Í dröngunum hanga kaðlar.
Sumir eru langir, aðrir stuttir.

Bolli kann að spranga.
Bolli kennir Trillu að spranga.



Púl

– Hreyfðu fæturna hratt
og sparkaðu í klettana.
Og sveiflaðu þér! hrópar Bolli.

Haltu áfram. Já, svona!



hreyfðu
hratt
drangana
hrópar
drífðu þig





Trillu svíður í hendurnar.
Þær eru að slitna af.

Hún er lafmóð.
Hún sparkar og sparkar
og sveiflar sér.





dranga
krakkar

Í loftköstum

Trilla og Bolli æfa sig
langt fram á kvöld.

Uppi við dranga eru krakkar
og mjög mikið fjör.





spranga
skríður
dauð-preytt



Ég kann að spranga! hugsar Trilla
og skríður upp í rúm.

Hún er dauðpreytt
og sofnar í öllum fötunum.



Hvað kann Trilla?

grípur
grjót
hraun
tröllið
þrífur



Hátt uppi

Trilla grípur kaðalinn.
Hún sveiflar sér fram og aftur.
Fyrir neðan er grjót og hraun.

Þá birtist **tröllið**.

Það er ægilegt
og þrífur í kaðalinn.



Trilla missir takið og **hrapar...**
Hún hrópar hátt
og lendir á gólfinu.

Trilla skríður aftur upp í.



draumur
drangana
drauminn



Draumur

Næstu daga horfir Trilla á drangana og hugsar um drauminn.

Hún horfir fast og lengi en sér ekkert óvenjulegt.

tröll
dröngunum
draugar



Skyldi vera tröll í dröngunum?
Eða draugar?

Trilla sækir blað, sest niður
og býr til sögu.



Hver getur verið í dröngunum?



Lestu og lærðu orðin!

hitta

Bolli

minnstur

stuttir

kallar

kann

hratt

öllum

kennir

hátt

missir

spennt

uppi

klessa

tryggur

Vest-manna-eyjar

loft-köstum

dauð-þreytt

hjá

Hjalti

mjög

fjör

sjó

sveiflaðu

svíður

svona

slitna

sparka



Til kennara

Tilgangur þessa bókaflokks, sem er alls átta bækur, er að vekja lestrar-áhuga nemenda og þjálfa þá í að lesa orð með samhljóðasamböndum. Við gerð bókarinnar *Í lofti* eru sérstaklega valin orð með samhljóðum fyrir framan *r* og *rj* í upphafi orða, þ.e. orð eins og *bréf*, *frændi*, *spranga*, *grjót*.

Forspá/umræður. Nemendur og kennari skoða bókina saman og ræða efni hennar út frá titli, kaflaheitum og myndum. Leggja skal áherslu á að nota orðin sem koma fyrir í textanum og ræða mismunandi leiki barna eftir því hvar þau búa á landinu, svo og hættur sem geta fylgt sumun leikjum.

Orðaforði. Í sögunni eru nokkur framandi orð sem þarf að útskýra. Dæmi: *lúga*, *tryggur*, *sprang*, *príla*, *drangar*, *spranga*, *í loftköstum*. Samheiti og andheiti fundin ef við á.

Hljóðgreining. Kennari segir orð, barnið hlustar eftir tilteknu samhljóðasambandi. Hvar er það í orðinu? Æskilegt að nota fleiri orð en eru í textanum.

Orðalestur. Kennari skrifar orðin á lítil spjöld og æfir nemendur í að lesa þau stök. Búta má orðin í lesbúta, dæmi: *fræn-di*, *bro-sir*, *hra-par*. Sum börn þurfa æfingu í að lesa önnur orð í textanum, sjá orðakassa á bls. 16. Þar eru tekin út orð með tvöföldum samhljóða, samsett orð (sjá einnig *Til kennara: Úrvinnsla* í þriðju og fjórðu bók) og orð með samhljóðasamböndum úr fyrri bókum.

Lestur. Sagan lesin. Vakin athygli á spurningunum neðst á hverri síðu sem eru ætlaðar til að skerpa athygli og lesskilning.

Ritun. Nemandi skrifar stöku orðin í litla bók eftir að hafa lesið þau tvisvar til þrisvar sinnum. Sumir geta e.t.v. búið til setningar með einu eða tveimur orðum og myndskreytt. Þetta getur verið skemmtilegt heima- eða samvinnuverkefni. Foreldri eða skólafélagi les upp stöku orðin, barnið skrifar eftir upplestri og svo er farið sameiginlega yfir á eftir.

Á vef Menntamálastofnunar eru verkefnablöð með sögunni. Smellt er á *Námsefni á vef* og valið *Verkefni til útprentunar*.

SMÁBÓK 7 SAMHLJÓÐASAMBÖND

Smábækur Menntamálastofnunar
eru ætlaðar börnum sem eru
að læra að lesa.

Í lofti er sjöunda bókin af átta
þar sem áhersla
er lögð á að æfa orð með
samhljóðasamböndum.

Í þessari bók eru sérstaklega
æfð orð með samhljóðum á
undan r og rj í upphafi orða.

Kristín Steinsdóttir
er höfundur efnis.



Teikningar eru eftir
Rebekku Rán Samper.

m MENNTAMÁLASTOFNUN

40300